

SPÍTALA PÚLSINN

LANDSPÍTALI

06. nóvember 2009



Ljósmyndir: Hreinn Magnússon



Viljayfirlýsing um nýjan Landspítala

Fulltrúar tuttugu lífeyrissjóða og heilbrigðis-, forsætis- og fjármálaráðherrar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirrituðu miðvikudaginn 4. nóvember 2009 viljayfirlýsingu um að hefja samstarf við undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýbyggingu Landspítala við Hringbraut. Yfirlýsingin sýnir fram á stuðning við verkefnið og skapar nauðsynlegan trúverðugleika þess. Gert er ráð fyrir því að sjálfar framkvæmdirnar hefjist á síðari hluta árs 2011 og standi fram á árið 2016. Strax á árinu 2010 verða til störf fyrir arkitekta og verkfræðinga við hönnunar- og undirbúningsvinnu en langflestir koma til með að starfa að framgangi verkefnisins á árunum 2013-2015 þegar framkvæmdir standa sem hæst. Heildarkostnaður við nýbygginguna verður um 33 milljarðar króna. Þar við bætist áætlaður kostnaður við ýmsan búnað spítalans, 7 milljarðar króna, og kostnaður við endurbyggingu eldra húsnæðis, um 11 milljarðar króna. Ráðgert er að nýbyggingin verði alls 66.000 fermetrar í þremur meginhlutum, þ.e. bráðakjarna með bráðamóttöku, myndgreiningu, gjörgæslu og

skurðstofum, í öðru lagi legudeildum með 180 rúmum sem öll eru í einbýli og í þriðja lagi sjúklingahótel með 80 herbergjum. Vinnuafloppur á framkvæmdatíma nýbyggingarinnar er áætluð alls 2.644 ársverk.

“Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Mitt í þrengingum kreppu og faraldurs berast gleðitíðindi af byggingarmálum okkar”, sagði Björn Zoëga forstjóri í tölvupósti til starfsmanna að morgni stóra dagsins þegar viljayfirlýsingin var undirrituð. “Við höfum lengi barist fyrir því að byggður yrði nýr Landspítali og nú er sá draumur loksins að rætast, þjóðarspítalinn verður sameinaður á einum stað. Aðkoma lífeyrissjóðanna ber vitni um að við höfum stuðning þjóðarinnar í þessu brýna máli. Traustari bakhjarl er vart hægt að hugsa sér.” Forstjórinn hvatti til þess að glaðst yrði á öllum deildum. Það var líka flaggað og framkvæmdastjórn spítalans bauð upp á kakó, konfekt og kökur í matsölum í tilefni dagsins.

Verkefnisstjórn vegna byggingar nýs Landspítala

Álfhildur Ingadóttir heilbrigðisráðherra tilkynnti um skipan verkefnisstjórnar vegna byggingar nýs Landspítala við undirritun viljayfirlýsingar um bygginguna. Nefndinni er ætlað að undirbúa og annast hönnunarsamkeppni sem hefjist fyrir árslok 2009. Unnið verði að skipulagsmálum, hönnun og undirbúningi útboðs á árinu 2010 og fram eftir ári 2011. Verkefnið, þ.e. fullnaðarhönnun, framkvæmd og fjármögnun, verði samkvæmt þessu boðið út á öðrum ársfjórðungi 2011 og framkvæmdir hefjist snemma hausts 2011. Framkvæmdir standi síðan fram á árið 2016; meginþungi þeirra verði á árunum 2013-2015.

Gert er ráð fyrir því að verkefnisstjórnin standi að samþættri hönnunarsamkeppni og hönnunaráutboði. Það teymi sem verður hlutskarpast í samkeppninni starfar með verkefnisstjórn að frumdrögum, forhönnun sjúkrahússins og gerð útboðsgagna. Þegar forhönnun lýkur verður boðin út fullnaðarhönnun, bygging, fjármögnun og rekstur bygginga nýs Landspítala. Landspítali eignast byggingarnar að loknum löngum leigutíma (40 ár).

Í verkefnisstjórn:

Gunnar Svavarsson, fyrrv. alþingismaður, formaður
Egill Tryggvason, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu
Gyða Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítala
Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands
Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri á LSH
Vilborg Þ. Hauksdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu




Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra við undirritun viljayfirlýsingar um nýjan Landspítala:

“Spítalinn sem hér mun rísa er ekki Reykjavíkurspítali. Hér mun rísa spítali fyrir allt landið, fyrir alla landsmenn. Og það er einstaklega ánægjulegt að sjá hve margir lífeyrissjóðir af landsbyggðinni hyggjast vera með. Hlutverk hins nýja spítala verður fyrst og síðast bundið við að lækna og annast sjúka, en við megum heldur ekki gleyma því að Landspítalinn er lífæðin í bæði menntun heilbrigðistétta og innan spítalans, eða í tengslum við hann, fer fram gríðarlegt rannsóknar- og vísindastarf.”

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, við undirritun viljayfirlýsingar um nýjan Landspítala:

“Við lítum á Landspítalamálið fyrst og fremst sem samfélagslegt verkefni af okkar hálfu, að uppfylltum skilyrðum um viðunandi arðsemi. Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús, lykilþáttur í okkar góða heilbrigðiskerfi og í menntun heilbrigðisstarfsfólks. Við sjáum það best í inflúensufaraldrinum sem herjar nú á landsmenn hvernig reynir á alla þætti heilbrigðisþjónustunnar og starfsmenn hennar og þar mæðir mest á Landspítalanum. Við skynjum álagið á starfsfólkið sem fær afleiðingar inflúensufaraldursins í fangið í bókstaflegum skilningi í viðbót við allt hitt og viljum að aðstæður allar á sjúkrahúsi þjóðarinnar hæfi krefjandi hlutverki í þágu allra landsmanna.”



Landspítali á Vísindavöku Rannís

Níu vísindamenn frá Landspítala tóku þátt í Vísindavöku Rannís 25. september 2009 í Listasafni Reykjavíkur. Þeir voru með veggspjöld og sýnishorn í tölvutæku formi sem útskýrðu nánar verkefni. Vísindamennirnir svöruðu fyrirspurnum sýningargesta og fengu talsverða athygli. Í ár voru áhugaverðar rannsóknir kynntar almenningi; rannsóknir er varða svefnvandamál barna, fyrirbyggjandi aðgerðir þunglyndis meðal unglinga og byltur fullorðinna, einnig voru kynntar niðurstöður rannsókna um næringu aldraðra og hreyfingu, verki og verkjalyfjameðferð, vinnuálag sjúkraliða og fækkun óstöðugra kransæðasjúkdóma og reykingabann. Auk þessa sýndu rannsakendur tæki til mælingar á augnbotnum og raförvun sem byggja á niðurstöðum rannsókna þeirra.



Alda Ásgeirsdóttir, Sigrún Ingimarsdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir, starfsmenn Landspítala, á sýningarbás spítalans í Listasafni Reykjavíkur.

Skipaður framkvæmdastjóri lækninga



Ólafur Baldursson er ráðinn framkvæmdastjóri lækninga frá 1. október 2009 til septemberloka 2010 eða þann tíma sem Björn Zoëga er forstjóri Landspítala í ársleyfi Huldu Gunnlaugsdóttur. Ólafur lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1990. Að loknu kandidateitáráði á Sjúkrahúsi Akraness starfaði hann sem superkandidat og umsjónarlæknir á lyflækningadeild Landspítala 1991-1993. Frá 1993-2000 stundaði hann starfsnám í lyflækningum ('93-'96) og lungnasjúkdómum ('96-'00) við University of Iowa Hospitals and Clinics í Iowa City í Bandaríkjunum. Frá 1995 vann hann einnig að vísindarannsóknum á erfðasjúkdómum slímseigju (cystic fibrosis), undir stjórn prof. Michael J. Welsh. Eftir heimkomu árið 2000 hélt Ólafur áfram vísindarannsóknum og lauk doktorsprófi frá HÍ í samvinnu við University of Iowa árið 2004. Hann hefur starfað sem sérfræðingur í lyflækningum og lungnasjúkdómum á Landspítala frá ársbyrjun 2001, sem sviðsstjóri á kennslu- og fræðasviði 2005-2007 og sem aðstoðarmaður og staðgengill framkvæmdastjóra lækninga frá september 2007. Hann rak læknastofu í Reykjavík 2000-2005 en flutti þá starfseminu inn á spítalann. Ólafur starfaði sem lektor við lyfjafraeðideild HÍ 2003-2009. Hann var framkvæmdastjóri framhaldsmenntunarráðs læknadeildar 2002-2006 en tók við umsjón framhaldsmenntunarráðs LSH og HÍ sl. haust.

Landspítali á virkjunarstigi

Ákveðið var setja Landspítala á virkjunarstig viðbragðsáætlunar spítalans 29. október 2009. Þetta var gert vegna fjölda sjúklinga á gjörgæsludeildum, aðallega vegna inflúensu A(H1N1), svokallaðrar svínaflensu. Þetta er í fyrsta skipti sem Landspítali fer á virkjunarstig sem er næst hæsta stig viðbragðsáætlunarinnar. Dagana á eftir lágu allt að 45 inni á spítalanum í einu vegna svínainflúensunnar og þegar mest var 11 á gjörgæslu. Viðbragðsstjórn og farsóttarnefnd spítalans hafa stjórnað aðgerðum vegna svínainflúensunnar og birt reglulega upplýsingar um stöðu mála á vef spítalans.

Gott starfsumhverfi og góð líðan viðfangsefni opinna funda

Mannauðssvið gengst í nóvember og desember 2009 fyrir opnum fyrirlestrum um efni sem skiptir miklu fyrir gott starfsumhverfi og góða líðan.

Viðfangsefni fyrirlestranna:

- » Kynning á niðurstöðum úr könnun á starfsumhverfi
- » Hvað í ósköpunum er áhættumat starfa?
- » Er einelti á LSH? Staða og mögulegar lausnir
- » Veit yfirmaður þinn hvernig þér gengur og líður í vinnunni?
- » Að glíma við mótlæti

Fyrirlestrarnir verða 20 talsins og fluttir á fjölmennustu starfsstöðvum Landspítala. Hver fyrirlestur er haldinn á fjórum stöðum, í Fossvogi, við Hringbraut, á Landakoti og Kleppi. Fyrirlestrarnir eru í viðburðadagatali LSH á heimavefnum.

Prófessor og yfirlæknir í meltingarsjúkdómafræðum



Einar Stefán Björnsson læknir hefur verið ráðinn prófessor í meltingarsjúkdómafræðum við læknadeild Háskóla Íslands og samhlíða í stöðu yfirlæknis við meltingarsjúkdómadeild Landspítala. Hann lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1989, stundaði framhaldsnám í lyflækningum, meltingar- og lífrarlækningum við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg og lauk doktorsprófi frá Gautaborgarháskóla 1994. Hann hefur lengst af starfað við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg, síðast sem yfirlæknir á meltingafæra- og lífrarsjúkdómadeild og jafnframt gegnt stöðu prófessors í meltingar- og lífrarsjúkdómum við Gautaborgarháskóla frá 2006. Hann er afkastamikill vísindamaður og hefur birt mikinn fjölda vísindagreina í alþjóðlegum fræðiritum

Föstudagspistill forstjóra



Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, birtir á föstudögum pistil um málefni sem tengjast fjölbreyttri starfsemi spítalans. Tilgangur með pistilnum er að upplýsa starfsmenn sem best um stöðu og horfur í starfseminni og framvindu ýmissa sameiginlegra verkefna stjórnenda og starfsmanna spítalans til þess að ná þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni. Pistlarnir eru birtir undir heitinu "Föstudagspistill forstjóra".

Hlekkur á þá er á korttöflunni á forsiðu heimavefsins og undir "beint að efninu á forsiðu útvefsins.

Björn Zoëga tók í september við starfi forstjóra Landspítala og er skipaður til að gegna því til 1. október 2010. Hulda Gunnlaugsdóttir er í ársleyfi frá starfi forstjóra þann tíma. Björn var framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala og staðgengill forstjóra.

Safnað í dagbók jólanna í Spítalapúlsinum

Spítalapúlsinn með "dagbók jólanna" kemur út í byrjun aðventunnar eins og venjan hefur verið. Í honum er vakinn athygli á fjölmörgu sem er um að vera á LSH á aðventu, um jól og áramót. Þar er kjörið tækifæri til að kynna viðburði sem tengjast jóla- og áramótahaldi meðal starfsmanna, hjá sjúklingum og aðstandendum. Prestar sjúkrahússins og djákni setja saman lista yfir aðventustundir á Landspítala, svo og um messuhald á spítalanum um jól og áramót.

Þeir sem undirbúa aðventustundir á deildum LSH eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson sjúkrahúsprest, kjartans@landspitali.is, s. 8248 í síðasta lagi föstudaginn 27. nóvember.

Mannauðsráðgjafar

Á Landspítala eru mannaúðsráðgjafar starfandi á sviðum, samkvæmt nýju skipuriti spítalans. Markmiðið með starfinu er að stuðla að samhæfingu í mannaúðsstjórnun í samræmi við starfsmannastefnu Landspítala og fylgja eftir stefnumótun spítalans og viðkomandi sviðs í mannaúðsmálum. Mannauðsráðgjafarnir eru í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra sviðsins og mannaúðssvið í þeim verkefnum sem snúa að starfsmönnum spítalans.

Mannauðsráðgjafar á Landspítala:

Halldóra Lisbeth Jónsdóttir, fjármálasvið
Anna Dagný Smith, rannsóknarsvið
Þórgunnur Hjaltadóttir, lyflækningasvið
Karólína Guðmundsdóttir, eignasvið
María Einisdóttir, geðsvið

Þórdís Wíum, skurðlækningasvið
Þórdís Ingólfsdóttir, lyflækningasvið
Margrét O. Thorlacius, kvenna- og barnasvið
Bára Benediksdóttir, bráðasvið



Íþróttanefnd Starfsmannafélags Landspítala

FÓTBOLTAMÓT LANDSPÍTALA 2009

Deildarbikarkeppni í innanhúsfótbolta verður haldin sunnudaginn 15. nóvember 2009 í Kórnum í Kópavogi. Mæting kl. 09:30 og áætluð mótslok eru kl. 13:30.

Keppt verður í kvenna- og karlaflokkum, fimm í hverju liði og hver leikur er 2x6 mínútur.

Keppnisgjald er 5.000 krónur á lið og greiðist á mótsstað.

Skráning fyrir klukkan 13:13 föstudaginn 13. nóvember.

Núverandi meistarar eru Thorax United í karlaflokki og Deild 11E í kvennaflokki.

Upplýsingar og skráning:
Árni Collett, arnic@landspitali.is eða s.1405
Anna Soffía, annasoff@landspitali.is eða s. 899 3369

Samið að nýju við World Class

Nýr samningur Starfsmannafélags Landspítala við World Class vegna ársins 2010 er á lokastigi. Tilraunaverkefninu "ókeypis í ræktina" er lokið og verður það ekki í boði á næsta ári. Samningar starfsmanna gilda þó áfram í eitt ár frá upphaflegri gildistöku.

Í nýjum samningi er verulegur afsláttur í boði og fer hann stighækkandi eftir því sem fleiri skrá sig í ræktina. Nærri 1.000 starfsmenn tóku þátt í framangreindu tilraunaverkefni og ef svipaður fjöldi tekur nýju tilboði verður afslátturinn 40% (30% ef fjöldinn er 500-999, 20% fyrir 1-499).



Starfsmenn geta einnig sótt um eitt kort fyrir maka eða annan úr fjölskyldunni á sömu kjörum.

Þeir sem eru með samning í gildi fram á næsta ár þurfa að skrá sig til þess að taka nýja tilboðinu um leið og önnur skráning fer fram og tekur nýr samningur gildi þegar hinn rennur út. Eftir undirritun nýja samningsins við World Class verður hann kynntur nánar og fyrirkomulag skráningar auglýst en henni á að ljúka fyrir jól.